

12. Á árinu 1939 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935. 69
13. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931. 11. júní
14. Á árinu 1939 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við $4\frac{1}{2}\%$ úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1939 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóráskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

70

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði. 11. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Sigurjóni Péturssyni á Álafossi einkaleyfi til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, ef hann, að dómi ráðherra, getur hafizt handa um þessar framkvæmdir og fært líkur fyrir því, að hægt sé að ryðja þessum vörum braut á erlendum markaði.

Sérleyfið má veita til allt að 10 ára.

2. gr.

Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í 1. gr. laga þessara, og er þá heimilt að innheimta útflutningsgjald í ríkissjóð af þeim vörum, sem lög þessi greina og út verða fluttar. Gjald þetta má aldrei nema meiru en 5% af andvirði vörunnar á útflutningshöfn.

70
11. júní

3. gr.
Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í ákvæðum 1. gr., og er þá öllum öðrum óheimilt, meðan leyfistíminn stendur, að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum, frá 500—5000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.
Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er landbúnaðarráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

5. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

71
11. júní

L Ö G

um byggingarsamvinnufélög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.
Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

2. gr.
Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnuáráðuneytisins á þeim.

3. gr.
Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:
A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um